




YFIRLITSMYND 1:50.000

# KIRKJUGARÐURINN Í HAFNARFIRÐI VESTAN KALDÁRSELSVEGAR
## DEILISKIPULAG -TILLAGA

### FORSENDUR:

Kirkjugarðurinn í Hafnarfirði var vígður 3. mars 1921, en þangað til voru Hafnfirðingar jarðsettir í Görðum á Álftanesi. Fyrsti hluti garðsins rúmar u.þ.b. 3400 grafir á 1,8 ha svæði.
Árið 1977 var hafist handa við stækkun garðsins og að reisa þar hús. Fyrsti hluta nýja garðhlutans var tekinn í notkun 1982 og ný þjónustubygging var þá tekin í notkun. Þar er skrifstofa fyrir presta og kirkjugarðsvörð, kaffistofa, kapella, líkhús og geymsla fyrir líkbíl, áhöld og vinnuvélar.
Þessi hluti garðsins er um 2,2 ha og rúmar u.þ.b. 2000 grafir. Nú er svo komið að sá hluti er að verða fullnýttur með þeim leiðum sem tekin hafa verið frá. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar er gert ráð fyrir stækkun kirkjugarðsins til suðvesturs og norðausturs. Stækkunin tekur mið af fyrirhugaðri færslu Reykjanesbrautar. Fyrirliggjandi er forhönnun á færslu og tvöföldun Reykjanesbrautar. Í auglýsingu er tillaga að breytingu á aðalskipulagi, sem tekur mið að þessari hönnun og afmarkar nánar svæði fyrir stækkun kirkjugarðsins.

### AFMÖRKUN DEILSKIPULAGSSVÆÐIS:

Deiliskipulag þetta tekur til núverandi kirkjugarð og stækkun hans til suðvesturs. Heildarstærð þessa svæðis er um 9,3 ha. Þar af er stækkun garðsins 1,5 ha.
Svæðið afmarkast af Reykjanesbraut til suðurs, Kaldárselsvegi til norðausturs og lóðarmörkum húsa við Klausturhvamm til norðvesturs.

### UMFERÐ OG AÐKOMA:

Umferðarleiðir eiga eftir að breytast mikið við færslu og tvöföldun Reykjanesbrautar með mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Kaldárselsvegar við austurhorn kirkjugarðsins. Núverandi aðkoma frá Kaldárselsvegi lokast vegna mislægu gatnamótanna. Reykjanesbraut í núverandi legu verður innanbæjargata, eiginlega framlenging á Hvammabraut að nýju hringtorgi á gatnamótum Öldugötu og Kaldárselsvegar. Aðalaðkoma að kirkjugarðinum verður frá framlengdri Hvammabraut rétt austan við núverandi gatnamót Hvammabrautar og Reykjanesbrautar. Innan garðsins verður aðkomuvegurinn þar sem stígur á suðurjaðri núverandi kirkjugarðsins er nú. Nýi aðkomuvegurinn liggur aftur fyrir þjónustubygginguna og inn á núverandi bílastæði á suðausturjaðri kirkjugarðsins.
Ný bílastæði verða á tveimur stöðum í kirkjugarðinum, annars vegar við innganginn í garðinn og hins vegar í tengslum við starfsmanninganga í þjónustubyggingunni.

Gert er ráð fyrir bílastæðum á svæði milli núverandi Reykjnesbrautar og kirkjugarðs. Þar er jafnframt komið fyrir stæðum fyrir stóra bíla.

### NÝI GARÐHLUTINN:

Nýi garðhlutinn er u.þ.b. 1,5 ha að stærð og rúmar u.þ.b. 1500 grafir. Á undanförnum árum hafa verið teknar í notkun eða teknar frá u.þ.b. 170 grafir á ári. Stækkunin gæti því enst til u.þ.b. 5-7 ára m.t.t. vaxandi íbúafjölda og þróun í dánartíðni. Niðurröðun reita í nýja garðhlutanum er í beinu framhaldi að niðurröðun í núverandi garði. Stefna leiða er étt yfir í stefnu leiða eubâubâuYí elsta hluta garðsins. Svæði sem ekki nýtast til greftrunar vegna lögunar svæðisins verða notueð fyrir þjónustustaði og efnisgeymslusvæði. Greftrunarsvæði er skipt í nokkra álíka stóra reiti. Trjágróður verður gróðursettur á jöðrum hvers reits þegar hann hefur verið fullnýttur.

### UMHVERFISMÓTUN:

Lóðarmörk kirkjugarðsins liggja að veghelgunarsvæði Reykjnesbrautar að sunnanverðu, en deiliskipulagsmörkin eru talsvert nær fyrirhuguðum vegkanti Reykjanesbrautar. Reykjanesbraut mun skerast inn í bergið sunnan kirkjugarðsins og verður klapparstálið vel á annan tug metra þar sem skeringin er mest. Gert er ráð fyrir að byggðar verði jarðvegsmanir á veghelgunarsvæðinu, sem gróðursettar verða trjágróðri til að draga úr neikvæðum frá Reykjanesbrautinni, en gera má ráð fyrir endurkasti umferðarhávaða inn á kirkjugarðssvæðið frá bergskeringunni.

Allstórt opið svæði verður til milli núverandi kirkjugarðs og Kaldárselsvegar í breyttri legu. Handan Kaldárselsvegar er samkvæmt aðalskipulagi gert ráð fyrir enn frekari stækkun kirkjugarðsins á Elíasartúni. Svæði þetta er opið fyrir ríkjandi vindáttum og verður jafnframt nálægt umferðarólgu við mislægu gatnamótin. Litið er á þetta opna svæði sem garðsvæði sem tengir saman núverandi kirkjugarð og framtíðarkirkjugarð á Elíasartúni. Því er mikilvægt að skapa skjól á svæðinu og draga úr neikvæðum áhrifum umferðarmannvirkjanna. Garðhlutarnir tveir verða tengdir saman með myndarlegum stíg í beinu framhaldi af aðalhliðinu sem snýr að Kaldárselsvegi. Í garðsvæðinu verði gróðursettur skjólgróður og útbúin dvalarsvæði.

Mögulegt er að koma fyrir minnisvarða / minnisvörðum um einstaklinga eða atburði á þessu opna garðsvæði.

DEILISKIPULAG ÞETTA VAR SAMÞYKKT AF
SKIPULAGS- OG UMFERÐARNEFND HAFNARFJARÐAR
ÞANN 30 april 2002

SKIPULAGSSTJÓRI HAFNARFJARÐAR

DEILISKIPULAG ÞETTA, SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ
SAMKV. GR. 25 Í LÖGUM NR. 73/1997
VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN ÞANN 7/5 '02

BÆJARSTJÓRINN Í HAFNARFIRÐI

HAFNAFJARÐARBÆR
BÆJARSKIPULAG

KIRKJUGARÐURINN Í HAFNARFIRÐI
VESTAN KALDÁRSELSVEGAR
DEILISKIPULAG

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI: 1:1000 | | TEIKN NR: | 001 |
| DAGS: 24.04.02 | | HANNAÐ: | ÞH |
| FLOKKUR: 1400HAFN | VERKNR: 02022 | TEIKNAÐ: | ÓÍ |

LANDSLAG EHF
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
ÞINGHOLTSSTRÆTI 27, 101 REYKJAVÍK, SÍMI 535 5300, FAX 535 5301
VEFFANG: WWW.LANDSLAG.IS NETFANG: LANDSLAG@LANDSLAG.IS